

Amtmaðurinn yfir Norðuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, að amtsráðið í Norðuramtinu hefir á fundi sínum 15.—18. júní þ. á. staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRD

fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og fl., sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1898.

I. Kaffi.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr. Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefndin á hendi samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á þeim.

2. gr. Hreppsnefndir geta gjört nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atríðum, hver í sínum hreppi. Þó má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje í öllu eptir ákvæðum hennar.

II. Kaffi.

Um smölun til rúnings og fráfærna og fjárgæzlu á vorum.

3. gr. Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heima lönd sín á vorum eptir því, sem hreppsnefnd ákveður.

4. gr. Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorum til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afrjettum; hið sama gildir að því er snertir smölun til fráfærna.

5. gr. Þegar almennt er hætt að hýsa fje á vorum, hefir hreppsnefndin vald til, svo fje mauna sleppi ekki í ullu til afrjetta, að skipa vörð fyrir fram- an byggðir á hentugum stöðum, fram að rúningstíma á geldfje, og skal vörður sá haldinn á kostnað þeirra fjáreigenda í upprekstrarfjelaginu, sem hlutadeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir álita að not hafi varðarins. Vilji önnur hreppsnefndin þar sem tveir hreppar nota sömu afrjett, ekki taka tiltölulegan þátt í varðkostnaðinum, hefir sú hreppsnefndin, sem sett hefir vörðinn, vald til að selja eigendum í hinum hreppunum allt það fje, er fyrir kemur af varðstöðvunum, þegar fjenu er smalað ofan til einhvers af 3 eða fleiri, ef svo til hagar, af fremstu bæjum í upprekstrarfjelaginu, eptir ákvörðun hreppsnefndar. Hið sama gildir um fje innanhreppsmanna þeirra, er eigi taka þátt í varðkostnaðinum, nema ef varðstöðvalandið eiga. Þó má gjald þetta aldrei yfirstíga 50 aura fyrir hverja kind. Hið sama gildir um vorgöngur á afrjett, þar sem tveir hreppar eru í upprekstrarfjelagi.

6. gr. Fje það, sem sloppið hefir úr löndum eigenda, eða kemur fyrir fjærri eigendum, þegar rúning er afstaðin, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er finnandi skyldur, ef honum er unnt, að hirða og rýja geldfje og sömuleiðis ær, þegar tími er kominn til þess, og einnig að marka ómörkuð lömb. Gjöra skal hann eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki, kyni og öðrum

einkennum á hverri kind, sem hann rýr, eða markar; en fyrir ómak sitt ber finnanda borgun er eigi yfirstigi: fyrir að rýja kind 20 aura, og fyrir að marka lamb 10 aurar.

III. Kaffi.

Um rekstur til afrjetta.

7. gr. Hreppsnefnd skal sjá um að stóðhross og geldfje, þegar það er komið úr ull, sje rekið til afrjetta svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa. Áður en frátærna lömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima eigi skemur en þrjá sólarhringa, þó má hreppsnefnd, ef allir nefndarmenn verða á eitt sáttir, eptir atvikum veita undanþágur frá þessari reglu. Reka skal á miðjan afrjett, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Sjeu víðlend heimalönd notuð til uppreksturs, skal reka þangað sem búsmali sízt gengur og með leyfi landeiganda.

8. gr. Hreppsnefnd skal annast um að lömb, hross og geldfje sje rekið á afrjett frá fleiri en 1 bæ í samlögum, er nefndin þá flokkar niður og skal hún jafnan fela einum af rekstrarmönnum hvers flokks, að hafa umsjá og ábyrgð á því að hið rekna fje og hross sje rekið eptir ákvæðum 7. greinar. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að sem minnstur bagi verði að Sjerstaklega skal gæta þess að málnytufjenaður mauna fari eigi saman við. Enginn má reka stóðhross á afrjett fyr en hreppsnefnd hefir ákveðið.

9. gr. Hver sem heimildarlaust rekur fjenað sinn, sem á afrjett á að fara, í annara land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afrjettarland, greiði skaðabætur til landeiganda eptir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í; þó má skjóta því mati til hlutadeigandi sýslunefndar.

10. gr. Enginn má hafa stóðhross, geldje eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágranni leyfi, en neiti nágrannar um leyfið, skal eigandi ábyrgjast að fjenaðurinn gjöri honum engan skaða. Nú eru stóðhross eigi rekin til afrjetta eptir skipan hreppsnefndar, og má hún þá láta reka þau á kostnað eigenda. Verði einhver fyrir ágangi af stóðhrossum, sem eru í óskilum í heimahögum að sumrinu, annaðhvort af því að þau hafa alls ekki verið rekin til afrjettar, eða þá fyr en hreppsnefnd hefir ákveðið, má taka þau í gæzlu og gjöra eigendum advart innan tveggja sólarhringa um að útleysa þau móti gæzlukaupi, 10 aur. fyrir hvert hross um sólarhringinn, auk ómakslauna fyrir tilkynninguna, sem borgast um leið og hrossanna er vitjað. Vitji eigendur ekki hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá því að þeir hafa fengið tilkynninguna, er geymanda heimilt að reka þau til þeirra, á þeirra kostnað, en hreppsnefnd þess hrepps, þar sem geymandi á heima, ákveður, sem og borgun fyrir tilkynninguna; hið sama gildir og um hross úr öðrum upprekstarfjelögum þótt þau hafi verið rekin til afrjettar með leyfi hreppsnefndar þar, til þess tíma, er hreppsnefnd þess hrepps, þar sem ágangurinn verður, heimilar upprekstur stóðhrossa.

11. gr. Ef stóðhross eða sauðfje gengur úr afrjetti á sumrum skal sá,

89 er fyrir ágangi verður, gjöra hreppsnefndaroddvita aðvart um það, og skipar hann þá fyrir um rekstur þess til afrjettar. Engiun má reka fjenað þann, er úr afrjetti gengur, til sveitar eða á nággranna. Kostnaður við rekstra þessa borgist að $\frac{1}{3}$ hluta af landráðanda en að $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins tiltölulega við það, er hver hreppur leggur til gangna (sbr. 15. gr.).

12. gr. Eigi má ónáða fjenað á afrjettum, nje taka þaðan fje eða hross, nema málnytupeningur sje, eða tamin hross eða markaðshross.

IV. Kaffi.

Um fjallskil.

13. gr. Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, og hver sem á hross á afrjett, hvort sem hann er búandi eða búlaus. Skal hver leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd fyrirskipar. Heimilt skal hreppsnefnd að meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfjelagsins til peningaverðs; jafna honum á alla upprekstrarskylda sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfjelagsins; skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á 3 kindur. Sjeu leigufærar ær látnar ganga með dilkum og reknar á afrjett, skulu hverjar 2 þeirra metast til fjallskila jafnt og 3 kindur. Skyldur er hver húsbóndi að inna fjallskilin af hendi fyrir hjú sín og aðra heimamenn, gegn endurgjaldi frá fjenaðareiganda.

14. gr. Skyldur er hver maður að gjöra fjallskil á þeim afrjetti og á þau lönd, sem liggja til leitar að lögrjett eða aukarjettum þeim, sem liggja í því upprekstrarfjelagi, sem fjáreigandi á heimili í. Nú notar einhver til uppreksturs annan afrjett eða heimaland, en þar sem honum ber upprekstur, skal hann þá gjöra þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfjelagi. Sá er notar land utan upprekstrarfjelags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri.

15. gr. Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrjett, skulu hlutadeigandi hreppsnefndir eiga fund með sjer í 17. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Til þess fundar kveður oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna, í hreppnum, að vorinu, staðfest af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar. Meta skal til verðs göngur hvers gangaflokks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því eða oddviti hennar til bráðabirgðar.

16. gr. Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gjöra fjallskil í öðrum hreppi, en þeir eru búsettir í, og skal þá hreppstjóriun, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign slíkra manna eftir vorfram-tali, áður 14 vikur eru af sumri.

17. gr. Fjallgöngur skulu hvert haust að minnsta kosti tvennar. Jafnframt afrjettum skal í fyrri og seinni göngum smala til rjettar afskekkt og viðlend heimalönd, er afrjettarfjenaður gengur í að jafnaði. Allur heimrekstur afrjettarfjenaðar á einstaka bæi, gangnadagana, er stranglega bannaður. Leiki grunur á að fje hafi orðið eptir á afrjettum, hefir hreppsnefndin vald til að skipa

3 göngur, og ráða menn í þær mót endurgjaldi af sveitarsjóðnum. Þar sem 2 hreppar eiga upprekstrarland saman, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, er nær liggur afrjettinum, annast um göngur þessar gegn endurgjaldi af sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gjöra eptirleitir á afrjettarlöndum og víðlendum heimalöndum og skulu þær koma sjer saman um það við síðari eða síðustu rjett, eða á hausthreppaskilum, og má borga þær af hlutadeigandi sveitarsjóðum.

18. gr. Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á fjenaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp brjeflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar, áður en fjallskilum er lokið, og fer um þær eptir því, sem fyrir er mælt um útsvarskærur í 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun 4. maí 1872.

19. gr. Hreppsnefndin eða kjörinn maður úr nefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsþúa með gangnabóði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Skal þar nákvæmlega tekið fram, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gjöra þau fjallskil, sem hann er kvaddur, til skal hann borga þau eptir mati hreppsnefndarinnar. Þar að auki varðar það sektum, er hækka, ef brotið er ítrekað.

Ekkert má fyrirskipa í gangnabóðinu, er komið getur í bága við fulltryggjandi fjárskil, eða ákveðin rjettarhöld innan sýslu.

20. gr. Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hlutadeigandi upprekstrarfjelags skipa einn duglegan aðalgangnastjóra (fjallkóng) fyrir hvern gangnaflokk. Gangnaforinginn skal skipa fyrir, hvernig göngunum skal haga og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um, að fjársöfnin sjeu rekin með reglu til rjettar, og kveðja menn til, að gæta safnsins, til þess er vöktunar-menn hafa tekið við því. Hver gangamaður er skyldur að hlýða gangnaforingja sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varðar sektum.

21. gr. Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, og hefir þá hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtist til góðra fjallskila. Ef einhver sendir manni í göngur, sem gangnaforingi sannar með vottorðum tveggja gangnamanna, að hafi reynzt óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin að nokkru eða öllu leyti. Borgun fyrir vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa manni til fjallskilanna, ella falli hún í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfjelagsins. Launa má gangnastjóra sanngjarnlega annaðhvort með ívilnun í gangnaskilum eða af sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins; en vanræki hann skyldur sínar, varðar það hann sektum.

22. gr. Ef fjáreigandi hefir engan hæfan manni til gangna, og getur eigi útvegað hann, skal segja hreppsnefnd eða fjallskilastjóra frá því 6 dögum áður, en fjallgöngur byrja, og borgar þá fjáreigandi göngurnar sektalaust. En hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega manni í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar. Fjáreiganda er skylt að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar, eða fjallskilastjóra, við útveganir þessar, ef krafizt er.

- 89 23. gr. Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangnamenn á afrjettum, þar sem þess er þörf, og skal kostnaður, er af þessu leiðir, greiðast af sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins.

V. Kaffi.

Um hreinsun heimalanda og fjárgæzlu á haustum.

24. gr. Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum, svo opt sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

25. gr. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalandsgöngur jafnframt hverjum fjallgöngum, undir umsjá tiltekins manns, með samlögum búenda, eptir því sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við. Allt það fje og hross, er fyrir kemur, skal reka skilvíslega til rjettar þeirrar, er því ber að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert fje skuli ganga, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

26. gr. Hreppsnefnd skal sjá um, að eptir rjettir á haustin sjeu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstur gangi þá eptir töflu-drætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

27. gr. Hreppsnefndir hafa vald til að fyrirskipa samskonar verði, sem nefndir eru í 5. gr., á haustum eptir rjettir, þangað til fje er almennt tekið til hýsingar, og gilda um verði þessa sömu ákvæði, sem um vorverðina.

VI. Kaffi.

Um fjárrekstra bæja á milli haust og vor.

28. gr. Skyldur er hver búandi að hirða fje það, er finnst í heimalandi hans, eptir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innanhrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

29. gr. Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekrarmaður skilja úr fje það, er eptir á að verða, en reki svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eptir álíti hreppsnefnar.

VII. Kaffi.

Um rjettir og rjettahöld.

30. gr. Eptir tillögum hreppsnefnda ákveður sýslunefnd, hvar aðalrjett skal vera, og hvar aukarjett, sömuleiðis undir hverja aðalrjett hver aukarjett heyrir, og ennfremur hveru afrjett og heimalönd ganga skal til hverrar rjettar, og ráða sýslutakmörk, nema öðruvísi sje ákveðið.

31. gr. Allir búendur eru skyldir að vinna að byggingu rjetta og viðhaldi þeirra, hver að sínum hluta, eptir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjelaginu eiga nægilegt dilksrúm

hver fyrir sig, eða fleiri í samlögum, og eru ábúendur jarðanna skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra eptir rjettri tiltölu. Ennfremur skulu vera sjerstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fje úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi breppar byggi og viðhaldi á sinn kostnað. Þar sem hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir við þurfa, skal upprekstrarfjelagið eiga við hverja aðalfjarrjett sjerstaka hrossarjett, er byggð sje og viðhaldið, eins og fjárrjettin, á kostnað þess.

32. gr. Hreppsnefndir skulu sjá um, að rjettir sjeu vandlega byggðar og vel viðhaldið, einnig að allir dilkar við þær sjeu í gildu standi kveldið áður en rjettað er. Vanræki einhver að vinna að rjettar eða dilks byggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á hans kostnað.

33. gr. Hreppsnefndir skulu skipa duglegan rjettarstjóra við hverja aðalrjett og aukarjett og má telja rjettarstjórna með gangnaskilum. Rjettarstjóri skal vera kominn til rjettar í tæka tíð hvern rjettardag. Skipar hann fyrir, hvornig fjárrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur hindrun við rjettarstörfin. Sýni nokkur í rjettinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

34. gr. Rjettarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fje utansveitarmanna, áður en það er rekið frá rjettinni. Hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri skal við hvert dilksfjelag skipa dilkstjóra, til að vera rjettarstjóra til aðstodar við rjettarstörfin. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en rjettarstjóri leyfir, enda sje þá allt fje komið í rjett og fjárrætti því nær lokið.

35. gr. Rjettarstjóri annast um, að ómörkuð lömb sjeu hirt í rjettinni og dregin í dilk sjer, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sjer þau. Að afloknum rjettum, selur hreppstjóri alla ómerkinga, er eigi hafa fundið mæður. Við aukarjett má engan ómerking selja. Enginn má helga sjer marklausa kind af fjárbragði sínu. Rjettarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eptir markaskrá in fyrstu sem síðari rjettum, og mega þeir eigi yfirgefa þann starfa, fyr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fje þeirra verði eigi eptir í úrtíningi. Þegar búið er að skoða úrtíning í fyrstu rjett, skal fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur, koma honum í gæzlu milli rjetta, og telst hún með gangnaskilum.

36. gr. Frá hverri aukarjett skulu tilkvaddir menn reka úrtíning tafarlaust til aðalrjettar, svo að hann sje þangað kominn, áður fjárrætti er lokið.

37. gr. Í fjárrjettum má enginn afmarka fje án þess að hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra, hverja heimild hann hefir til afmörkunarinnar. Hreppstjóri skal samstundis rita hjá sjer nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann ekki er viðstaddur, og mark hennar áður en því var breytt, og undir hvers mark hún er mörkuð.

VIII. Kaffi.

Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsrjettum.

38. gr. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í rjettir, á hreppaskil og að vera við úrtíningssölu annara sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar fje og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gjört er að skyldu að leggja til tjedra starfa, engan hæfan mann til að inna þau

89 af hendi, hefir hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara. Reynist sá, sem sendur er að hirða fjenað utanhrepps, ónýtur eða ófullkominn til þess starfa, gilda um hann ákvæði 21. gr. um ófullkominn gangnamann.

39. gr. Sá maður, sem sendur er til að hirða fje í rjettum eða á hreppaskilum annara sveita, má eigi fara þaðan, fyrr en búid er að skoða úrtíning vandlega eptir markaskrá. Sannist það, að hann láti þar verða eptir fje eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur sjeu.

IX. Kaffi.

Um smölun, rjettun og hirðingu hrossa.

40. gr. Í síðari göngum á haustin skal ásamt fje smala stóðhrossum af afrjettum, og úr heimalöndum og rjetta þau í síðari rjett annaðhvort á undan eða að afloknum fjársundurdrætti. Undanþága veitist frá þessum ákvæðum, ef meiri hluti hreppsnefndar eða hreppsnefnda telur annað hagfeldara, sem þó aldrei má kema í bága við næstliggjandi upprekstrarfjelog.

41. gr. Stóðhross skulu dregin sundur í aukarjettum og aðalrjettum; skal úrtíningur sá, er verður í aukarjettum, rekast tafarlaust til aðalrjettar. Þau hross, sem eptir verða óhirt, þegar sundurdrætti er lokið, skulu meðhöndlast sem óskilafje eptir reglugjörð þessari, þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag og sex vikna innlausnarfresti eptir söludag; ekki eru hross í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sje einnig sex vikur. Vöktunarkaup fyrir hvert þeirra hrossa má ekki yfirstíga 20 aura um sólarhringinn. Hið sama gildir og um þau hross, er koma fyrir eptir seinni rjettir, en vöktunarkaup þeirra má ekki yfirstíga 10 aura, nema hrossin komi á hús og hey.

42. gr. Finnist hross á afrjettum eða fjarri byggðum, eptir að hin fyrirskipaða hrossasmölun hefir fram farið, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, þar sem finnandi á heima, ákveða smölunar- eða björgunarlaun eptir atvikum, sem greiðist af sveitarsjóði þess hrepps, þar sem eigandi á heima. Þessu mati má, ef ágreiningur verður, skjóta til sýslunefndar.

X. Kaffi.

Um meðferð óskilafjenaðar.

43. gr. Eftir að lokið er töfludrætti í síðari eða síðustu rjett, skal þar afhenda úrtíninginn hreppstjóra í þeim hreppi þar sem aðalrjett stendur. Hreppstjóri skal þá með tveimur markglöggu og áreiðanlegum mönnum, er hlutað-eigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið, skrifa upp mörk, aldur, lit og auðkenni á hverri sauðkind, svo rjett og hreinskilið sem framast má verða. Skal hreppstjóri síðan setja óskilafjed í tryggja vöktun gegn vöktunkaupi, er aldrei má yfirstíga 5 aura um sólarhringinn, til 7 okt. (eða til næsta dags, sje 7. oktbr. helgur dagur, eða ef veður bannar þann dag). Skal sá dagur vera almennur söludagur á öllu óskilafje í sýslunni. Sala óskilafjárins skal ávallt

fram fara við aðalrjett, eða bæ á jörð þeirri, þar sem aðalrjett stendur, ef mögulegt er. Að því er Bólstaðarhlíðarhrepp snertir, má hreppstjóri í samráði við hreppsnefnd tiltaka einhvern annan sölustað, er haganlegri þykir en rjettin, og skal hreppstjóri hafa auglýst þann stað eitt skifti fyrir öll í opinberu auglýsingablaði 2 mánuðum áður en fyrstu rjettir byrja, eftir að reglugjörð þessi öðlast gildi. Borgun fyrir þessa auglýsingu greiðist af sveitarsjóðnum.

44. gr. Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir álitu hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta svo og forustu-sauðir, seldir með 4 vikna innlausnarfresti. Um borgunarfrest og ábirgð gilda sömu ákvæði og í 41 gr.

45. gr. Ef óskilafje og hross koma fyrir af fjallöndum eða í heimahögum eptir rjettir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fje, í næstu hreppum, eptir markaskrá, skal hreppstjóri hlutast til um, að þeim gefist kostur á að vitja þess. En sá fjenaður, sem eigi þekkist eða enginn getur helgað sjer, svo sem kaleyrnt fje, eyrnalaust eða marklaust, eða hross með vafamarki, skal seldur við uppboð, er auglýst sje með nægum fyrirvara.

46. gr. Finnist óskilakind í fje manna eptir að fje er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gjöra aðvart um að vitja hennar, sje hann í næstu hreppum. Verði að selja slíkt óskilafje, borgast ekkert gæzlukaup fyrir það, og ber sá, er það finnst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur sjeu.

47. gr. Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafje, er selt hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í blaði, er flytur almennar auglýsingar. Í prentunarkostnað og ómakslaun bera honum 20 aurar fyrir hverja kind, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

48. gr. Af andvirði óskilafjár þess, er selt verður borgist:

- a. gæzlukaup,
- b. sölulaun og innheimtulaun,
- c. prentunarkostnaður marklýsinga,
- d. fundarlaun eða björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eiganda, ef hann innan septemberloka næst á eptir sannar eignarrjett sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð, eða sveitarsjóði upprekstrarfjelagsins, að rjettri tiltölu við fjárfjölda.

XI. Kafi.

Um eptirleitir einstakra manna.

49. gr. Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum í hverri sveit er lokið, skal þeim, er vilja, heimilt að gjöra eptirleit, þó með samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar, en þar sem fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi, skal leita samþykkis þeirrar hreppsnefndar, sem nær er afrjettinum, og semur hún þá um hversu mikinn hluta þeir skuli fá af verði hins fundna fjár, sem þó ekki má yfirstíga helming verðs. Fje það, sem finnst í eptirleitum, skal virða af tveimur

89 skynsömum og óvilhöllum mönnum, er hreppsnefndin útnefnir. Borgun fyrir eptirleitarfje greiðist af sveitarsjóði þess hrepps, þar sem eigandi á heimili. Hið sama gildir um fje það, er kemur eptir seinni rjettir úr öðrum sýslum, hvort heldur er eptirleitarfje eða ekki. Eptirleitarfje, sem á heima utan sýslu, skal selt við opinbert uppboð, ef nauðsyn er til vegna fjarlægðar, og fær eigandi það, sem er afgangsfundar- og uppboðslaunum. Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógönguklettum, á hvaða tíma árs sem er, ákveðist af hreppsnefndinni og greiðist á sama hútt. Fyrir heimanað sloppið fje, sem finnst í eptirleitu, borgi eigendur eptir mati hreppsnefndar. Skytt er að hver fjáreigandi auðkenni með glöggu merki, er eigi máist af, allt sitt fje á haustum, jafnóðum og það heimtist. Vanræki fjáreigandi að auðkenna þannig fje sitt, skal hann borga fyrir hverja sína kind, er á afrjettum finnst í eptirleitu, sem heimt væri og heimanað sloppin.

XII. Kaffi.

Um fjármörk.

50. gr. Fje skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda að hafa glöggt markeinkenni á öllu sínu fje og sýslu- og hreppsbrennimörk á öllu hyrnu fje. Sýslunefnd skal svo opt sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentkostnað, það sem sýslunefndin ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber fullkomið mark manns, er heimildarlaust að draga sjer, þótt lítið eitt vanti á fullt mark. Ef kind hefir eyrnamark eins manns, en hornamark eða brennimark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gjöra grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind sem hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á; þó skal hann, ef eigendur hinna markanna krefjast þess, gjöra grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina. Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða mýjetið, og vill maður þá eigna sjer hana af líkum, þá skal hann skýra hlutadeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu ásamt honum sjálfum skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hinn hefir til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sje miklu líklegra, að hlutadeigandi eigi kindina, heldur en hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafje. Þessi ákvörðun nær eigi til ómerkinga, er ær helga sjer. Rjett er að forustufje, sem á afrjett gengur, hafi til auðkennis bjöllu eða bjöllukenng í horni.

51. gr. Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, er flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður 10 vikur eru af sumri, til hrepps-

nefnda í nálægum hreppum, innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sje með fje þeirra sem óskilafje, og sæti þar að auki sektum.

XIII. Kaffi.

Um rekstur á sölufje.

52. gr. Allt fje í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki, er sje svo glögggt, að það sjáist tilskýndar í björtu, og svo traust, að það máist eigi af, þótt votviðri gangi.

53. gr. Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til; svo má og aldrei leggja npp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

54. gr. Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur; skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmennu eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og gæta þess vandega, að engin kind verði eptir, er eigi á í honum að vera; skal þá sem endrarnær, er viðstada verður og rekstrarfjeð dreifir sjer til muna, telja rekstrarfjeð. Enginn, sem á bænum er viðstaddur, og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eptir úrskurði sýslumanns, ef á greinir; en aðgang á hann að eigendum fjárins með þá borgun, ef honum hefir eigi sjálfum verið um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fje það, er saman við hefir komið, komist í átthaga sína, eigendum kostuadarlaust.

55. gr. Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaust, skal yfirmaður bæta eigendum það að fullu, eptir samkomulagi, eða eptir mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

56. gr. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XIV. Kaffi.

Amenn ákvæði.

57. gr. Eigi má svelta fjenað við fjárrjettir nje í rekstrum frekar en minnst verður hjá komizt; eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiða, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun; sjerstaklega er bannað að hundbeita fjenað í rekstri eða smölun, að óþörfu. Brot gegn þessu varði 5—50 kr. sekt, nema þyngri hegning liggi við.

58. gr. Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—80 kr. sekt, nema þyngri

89 hegning liggir við eftir öðrum lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektafjenu, en hinn helmingurinn falli í sveitarsjóð eða sveitarsjóði hlutaðeigandi upprekstrarfjelaga.

59. gr. Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndarinnar.

Með reglugjörð þessari er numinn úr gildi reglugjörð fyrir Húnavatns-sýslu um fjallskil o. s. frv. frá 2. júní 1892.

Amtsráð Norduramtsins, 21. júní 1898.

Páll Briem.

90

Fiskiveiðasamþykkt.

Sýslunefndin í Strandasýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886, um breyting á tyrnefndum lögum, gjört eftirfylgjandi

SAMÞYKKT,

sem hefir inni að halda breyting á 1. gr. samþykktar um hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, frá 20. okt. 1888, sbr. samþykkt 31. ágúst 1895.

Á tímabilinu frá 1. desember til 10. marz ár hvert má enginn, sem stundar hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, sleppa neinu af hákarli í sjó (skrokkum eða innýflum), án þess lífsnauðsyn liggir við.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til þess að öðlast gildi 1. desember 1898.

Islands Vesturamt, Reykjavík 30. júlí 1898.

J. Havsteen.

91

Reikningur.

yfir tekjur og gjöld þúsundáraafmællissjóðs Eyjafjarðar 1897.

Tekjur:

1. Gjóf frá fyrrum sýslumanni Skúla Thoroddsen og konu hans	
Theódóru Thoroddsen	kr. 1000 00
2. Vextir til $\frac{11}{6}$ '97	— 4 33
	<hr/>
	kr. 1004 33

Gjöld:

1. Í skuldabryfum gegn fasteignarveði	kr. 1000 00
2. Í sjóði	— 4 33
	<hr/>
	kr. 1004 33

Skrifstofu Norduramtsins, 15. jan. 1898.

Páll Briem.